febrúar var haldin fundur með Borja **afreksstjóra** BLI þar sem lið af öllu landinu hittust og ræddu m.a. Um U14 drengi.

Það var góður fundur í kvöld með fulltrúum alls staðar af landinu og úr flestum félögum held ég.

Það sem kom út úr fundinum varðandi mót fyrir U14 strákana var:

- Spila 3 á móti 3 og hafa völlinn í fullri lengd, en hálfan á breidd. (Aðeins 2 félög voru með nægilega marga til að hafa 6 á móti 6)
- Til að reyna að fjölga strákum í blaki þá myndu öll félög reyna að búa til skólablaksviðburð í sínu umhverfi og bjóða strákum sér og stelpum sér. Þessir krakkar eru í leikfimi sér svo það er ekkert því tll fyrirstöðu. Með því fæst meiri stemming hjá strákunum þar sem þeir eru að keppa á móti hvorum öðrum og vilja meiri keppni en stelpurnar. Það er yfirleitt meiri keppni í strákum en stelpum á þessum aldri. Og það er líklegra að fá kannski inn vinahópa sem er mjög mikilvægt.
- Svo nú þurfa félögin að einhenda sér í skólablaksmót - bara í íþróttahúsunum sínum og skipta völlunum í tvennt og band á milli valla til að fjölga þeim og þannig búa til einn völl í viðbót. Hafa samband við íþróttakennarana í skólunum sem eru með 5. og 6.bekkina og bjóða strákunum í keppni.